

# Sagnþraut 5

Þú átt í suður ...

Suður

♠ ÁD4

♥ G5

♦ ÁKD10742

♣ 6

Suður gefur. Allir á hættu. Sveitakeppni.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	-	-	1 ♦
Pass	1 ♠	Pass	???

**Hver er sögnin?**

-----

gildir til 20. júlí 2007

Hægt að svara á "Spjallinu", í Sumarbridge hjá BSÍ eða í tölvupósti: gpa@simnet.is

# Sagnþraut 4 - svör

## SPIL NS ...

NORÐUR

♠ ÁKD8532  
♥ D6  
♦ K5  
♣ 73

SUÐUR

♠ 9  
♥ Á10972  
♦ 72  
♣ ÁKD94

Spilið kom upp á OK-bridge-vefnum og var notað sem panel-þraut í **The Bridge Bulletin** (maí 1999). Hendur AV voru ekki gefnar upp, en slemman er greinilega heldur með líkum.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	Pass	1 ♥
Pass	1 ♠	Pass	2 ♣
Pass	2 ♦	Pass	3 ♣
Pass	4 ♠	Pass	???

Í sveitakeppni er nóg að hálfslemma sé yfir 50% - hugsanlegur ágóði eða tap í IMPum er það sama.

Þessi slemma reiknast vera ... (lauslega)

**Með tígli út** (sem er líklegt) þarf spaðinn bara að brotna 3-2 = **68%**.

**Með laufi eða trompi út** þarf spaðinn að brotna 3-2 og laufið að vera 3-3 eða 4-2 (36%+48%=84%) eða tígulás réttur (50% af 16%=8%).

Sem sagt:  $68 \times 92 (84+8) = \mathbf{62.5\%}$ .

**Óþægilegasta útspilið er hjarta**, en sennilega er þá besta spilamennskan að drepa á ás, taka trompin, prófa hvort laufið komi 3-3 en spila ella á tígulkóng: 36%+32% (50% af 64%).

Sem sagt:  $64 \times 68 = \mathbf{45.5\%}$

## Svör bandarísku spekinganna

**Sue Picus:** Pass. Makker gat beðið um samvinnu með 3♠. Held að hann sé að sýna góðan lit, en ekki endilega þéttan.

**Eric Kokish:** Pass. Reikna með tapslag á spaða úr því að makker stökk ekki strax í 2♠ og sagði svo fjóra. Slemma er möguleiki, en mér finnst spilin okkar ekki réttlæta framhald.

**Karen Mcallum:** Pass. Allt veltur á því hver félagaskilingurinn er: Ef þetta sýnir slemmuáhuga með góðan lit ætti ég að segja 5♠ og biðja um fyrirstöðu í tígli, en í mínum huga lofar stökkið í 4♠ ekki þéttum lit.

**Larry Cohen:** Pass. Vissulega á ég falleg kontól, en makker getur varla verið mjög spenntur fyrir einspili í spaða og tveimur hundum í tígli.

**Jake Jabbour:** 5♠. Erfitt, en hlustum á samtalið. Félagi gat sagt 4♠ beint við 1♥, en hann kaus að melda 1♠. Hann gat sagt 4♠ yfir 2♣, en valdi að geimkrefja með fjórða lit. Loks sannfærði makker mig um að spaði væri spilanlegur tromplitur á móti eyðu með því að stökkva í 4♠. Með öðrum orðum: makker er búinn að byggja upp seríu til að segja mér að trompið sé mjög gott og að hann hafi áhuga á slemmu. Með 5♠ segist ég hafa áhyggjur af tíglinum. Makker hefur unnið vinnuna sína, ég verð að gera það sem mér ber.

## Sagnþraut 4 - svör, frh ...

NORÐUR

♠ ÁKD8532

♥ D6

♦ K5

♣ 73

SUÐUR

♠ 9

♥ Á10972

♦ 72

♣ ÁKD94

### Bandarísku svörin

SÖGN	SVÖR	STIG
5 ♠	8	100
Pass	8	90
4 G	2	60
6 ♠	1	30

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	Pass	1 ♥
Pass	1 ♠	Pass	2 ♣
Pass	2 ♦	Pass	3 ♣
Pass	4 ♠	Pass	???

**Doroty Truscott:** 6♠. Af hverju sagði makker ekki 4♠ beint við 2♣. Hann er greinilega að gefa okkur undir fótinn með slemmu. Makker gæti átt ...

♠ KDG10xxxx ♥ x ♦ Áxx ♣ x

**Falk, Gitelman, Solowy, Miller** segja allir 5♠ með þeim rökum að makker sé að sýna slemmuáhuga með mjög góðan spaða.

Kantar gengur svo lagt að segja að makker LOFI fyrirstöðu í tígli:

**Kantar:** 4G - RKC. Makker ætti að eiga þrjá efstu sjöundu í spaða og tígulfyrirstöðu.

Góður!

## Íslensk svör af Spjallinu

**Stefán Jónsson:** Pass. Mér fannst fyrst freistandi að halda áfram, enda auðvelt að telja 14 slagi ef makker á þéttan spaða og fyrstu tígulfyrirstöðu. Þá fannst mér 5♠ vænlegasta sögnin. En eftir á að hyggja, til að vinna spaðaslemmu þarf makker að eiga nokkuð þéttan spaða og 3 af 4 lykilspilum. Ef það vinnst slemma, þá ætla ég bara að skamma makker fyrir að hafa stokkið í fjóra spaða.

**Sigurbjörn Haraldsson:** Pass. Mér finnst pass vera nokkuð clear-cut. Ef við erum að missa slemmu þá á makker spil sem hann hefði betur meldað 3♠ með.

**Snorri Karlsson:** Pass. Makker er greinilega með góð spil og hefur ætlað að melda 3♠, en þriggja laufa melding mín virðist hafa dregið úr slemmuáhuga hans. Ég gæti vel trúað að hann ætti eitthvað í líkingu við:

♠ ÁKxxxxx ♥ xx ♦ KDxx ♣ -

**Sveinn Rúnar Eiríksson:** Pass. Ef 2♠ við 1♥ er sterk melding er þetta auðvelt pass. Ef svo er ekki, þá sér maður að makker á þrjá valkosti:

(1) Segja 1♠ og síðan 4♠. Það er veikasti valkosturinn, og vonumst við til að geimið standi.

(2) Segja 1♠, síðan fjórða lit og svo 3♠. Þetta er sterkasti valmöguleiki makkers. Hér hefur hann a.m.k. slemmuáhuga og er með góðan lit.

(3) Segja 1♠, síðan fjórða lit og síðan 4♠. Gott dæmi hjá hjá Snorra hér að ofan um að 3♣ hafi komið illa við hann. Einnig má ætla að makker sé spilanlegur á tveimur vígstöðum og hafi ætlað sér að melda 4♥ við 3♥.

## Sagnbraut 4 - svör, frh ...

NORÐUR

♠ ÁKD8532

♥ D6

♦ K5

♣ 73

SUÐUR

♠ 9

♥ Á10972

♦ 72

♣ ÁKD94

### Íslensku svörin af Spjallinu

Pass 10

4 G 1

5 ♠ 1

6 ♠ 1

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	Pass	1 ♥
Pass	1 ♠	Pass	2 ♣
Pass	2 ♦	Pass	3 ♣
Pass	4 ♠	Pass	???

**Sigurður Vilhjálmsson** (fyrra svar): 5♠.

Makker á ýmsar leiðir í 4♠. Hann ætti að vera að sýna okkur eitthvað sérstakt með akkúrat þessari seríu, hugsanlega t.d.

♠ KDG10xxx ♥ x ♦ ÁKx ♣ xx

Ef hann ætlar sér absolút að spila aðeins 4♠ segir hann fyrst þrjá, makker tístir og hann segir 4♠, búið mál. Það liggur ekkert á í 4♠ þannig að mér finnst að garmurinn eigi að meina eitthvað með sögninni; t.d. ekki mölbrotinn 7-lit á móti hugsanlegri eyðu. En Nota Bene; þú ert e.t.v. ekki allveg viss um hvað makker er að fara þannig að þú gefur honum aukalíf með því að segja 5♠ sem segir að þú dekkir rétt rúmlega hjartað og laufið. Ef makker er í gúmmíinu verðum við bara að vona að það standi fimm.

**Sigurður Vilhjálmsson** (síðara svar): 6♠.

Gefum okkur að stökk í 2♠ sé ekki sterkt. Ef það er sterkt þá gengur þessi séría varla

upp. Með spilin hans Snorra meldar maður 3♠ og síðan fjóra. Þú átt góð spil, en þarft hjálp í spaðanum og/eða tíglinum + kontrólin í hjarta og laufi. Til að opnari haldi áfram eftir 3♠/4♠ þarf hann þrjú lykilspil. Eftir 4. lit og stökk í fjóra ertu að segja makker að hann þurfi að leggja fram 3-4 *quicktricks* í hjarta og laufi til að halda áfram. Ef tvö væru nóg hefði spaðahöndin spurt um ása. Með þrjá slagi í hjarta og laufi vantar hugsanlega einn slag, þannig að ef laufdrottning er tekin af hendinni er rétta meldingin 5♠ sem segir makker að hugsanlega þurfi hann að geta dekkað einn aukaslag. Með fjóra hæstu í hjarta og laufi samtals finnst mér í rauninni að maður geti rólega stokkið í 6♠. Sérían sýnir semisolíð spaða og tígulás + annað hvort eitt lykispil í hjarta eða laufi eða ÁK, ÁD í tígli.

**Guðm. Páll Arnarson:** 5♠ (en 4G á móti Ásmundi Pálssyni til að leita að sjö). Þessi sagnröð ætti að lýsa spilunum mjög vel, því makker á fimm möguleika til að sýna góðan spaðalit og geimstyrk eða meira:

(a) 1♥ - 4♠

(b) 1♥ - 1♠ | 2♣ - 4♠

(c) 1♥ - 1♠ | 2♣ - 2♦ | 3♣ - 4♠

(d) 1♥ - 1♠ | 2♣ - 2♦ | 3♣ - 3♠

(e) 1♥ - 2♠

(a) er veikast, allt niður í ...

... ♠ DG109xxx ♥ x ♦ Kxx ♣ xx

(b) kemur næst, til dæmis ...

... ♠ KG109xxx ♥ xx ♦ Áx ♣ Gx

(c) sýnir (minnst) eitthvað þessu líkt ...

... ♠ KDG10xxx ♥ x ♦ ÁDx ♣ xx

(d) óknasta dæmið, gæti verið *sexlitur* ...

... ♠ ÁKG9xx ♥ x ♦ Áxx ♣ G10x

sem sagt *óvissa* um rétta geimið.

(e) grjóthörð slemmuspil, svo sem ...

... ♠ ÁKG10xxx ♥ x ♦ ÁKx ♣ xx

# Varnarþraut úr bikarleik

Þú ert í **vestur** í vörn gegn 5♠ dobluðum ...

NORÐUR S/NS  
♠ G9862  
♥ D943  
♦ Á98  
♣ G

Vestur

♠ -  
♥ ÁK105  
♦ K3  
♣ KD76542

<u>VESTUR</u>	<u>NORÐUR</u>	<u>AUSTUR</u>	<u>SUÐUR</u>
--	--	--	1 ♠
Dobl	4 ♠	Pass	Pass
5 ♣	Pass	5 ♦	5 ♠
Pass	Pass	Dobl	Allir pass

Til að byrja með: Hvað finnst þér um doblið á 1♠?

Minnir á sagnspekiþraut nr. 3, ekki satt?

OK - þú hefur kannski sagt 2♣ við 1♠, en nú eru í vörn gegn 5♠ og kemur út með ♥K, sem biður um talningu.

Makker lætur tvistinn (tvö eða fjögur) og sagnhafi gosann.

**Tvær spurningar:**

- (1) Hvernig er spilið allt?
- (2) Hvernig viltu verjast?

# Lausn á varnarþraut

Spilið kom upp í **bikarleik Skeljungs og Guðmundar Halldórssonar** (sunnudaginn 9. júlí). Undirritaður (GPA) var í vestur og ákvað að prófa nýjan stíl - dubla einn spaða til að halda hjartanu inni í myndinni með þá áætlun í huga að melda fimm lauf yfir fjórum spöðum. Allt fór eftir bókinni til að byrja með - Guðmundur Halldórsson í norður stökk í fjóra spaða, pass hjá makker (Ásmundi Pálssyni) og fimm lauf hjá mér. En svo kom ný bók, eða alla vega nýr ka i - Ásmundur tók út í fimm tígla. Mér hugnaðist það ekki og var fenginn þegar Stefán Jónsson í suður sagði fimm spaða. Sem Ásmundur dublaði.

**Er þá komið að vörninni.**

Hjartakóngur út, makker lætur tvistinn og Stefán gosann.

**Fyrsta pæling:** Er Stefán að blekkja með gosann þriðja í hjarta?

	NORÐUR	
	♠ G9862	
	♥ D943	
	♦ Á98	
	♣ G	
VESTUR		AUSTUR
♠ -		♠ ?
♥ ÁK105		♥ 2
♦ K3		♦ ?
♣ KD76542		♣ ?
	SUÐUR	
	♠ ?	
	♥ G	
	♦ ?	
	♣ ?	

Svarið er **NEI** - hvers vegna?

**Reynum að teikna upp spilin út frá sögnum.**

Í fyrsta lagi er mjög hæpið að Ásmundur hefði tekið út úr 5♣ með tvílit - hann á sennilega bara eitt lauf (varla ekkert, því þá hefði hann meldað við 4♠). Og það má búast við að suður eigi alla vega sexlit í spaða fyrir baráttunni í fimm, svo austur á mest tvo spaða. Ef Ásmundur á tvílit í hjarta, þá virðist hann eiga (7)8 tígla, sem gengur engan veginn upp - hann hefði þá sagt 5♦ við 4♠. Sem sagt: Austur virðist eiga fjögur hjörtu, eitt lauf og sennilega tvo spaða. Þar með sex tígla, eða skiptinguna **2-4-6-1** (og sagnhafi 6-1-2-4).

**Önnur pæling:** Hvers vegna dublaði Ásmundur 5♠?

Eitt er víst - Ásmundur dublar ekki út á spil makkers. Ef hann á ekki neitt, þá segir hann pass, hvernig svo sem hann túlkar 5♣ (pass mitt við 5♠ er ekki krafa eins og við spilum). Ásmundur á því varnarslag og það ver vandséð hvar hann getur verið nema á spaða - vonandi á hann ♠Áx frekar en ♠Kx.

**Þriðja pæling:** Þriðji slagurinn ætti að koma á tígul ef makker á drottninguna, en hvað ef sagnhafi á ♦Dx. Liggur á að spila tígli?

**Fjórdða pæling:** Hjarta má augljóslega ekki spila, en er óhætt að spila laufi? Við teljum okkur vita að suður sé með ás fjórða með þykkum millispilum - kannski ♣Á1098.

Sagnhafi gæti átt ...

♠ KDxxxx ♥ G ♦ Gx ♣ Á1098

Og þá má ekki spila ♣K.  
(sjá næstu síðu ...)

## Lausn á varnrþraut - frh

Allt spilið var svona ...

		NORÐUR	
		♠	G9862
		♥	D943
		♦	Á98
		♣	G
VESTUR		AUSTUR	
♠	-	♠	Á4
♥	ÁK105	♥	8762
♦	K3	♦	G107642
♣	KD76542	♣	8
		SUÐUR	
		♠	KD10753
		♥	G
		♦	D5
		♣	Á1093

... og ég skipti yfir í ♦K - úps!

Hér má augljóslega spila ♣K, því sagnhafi nær ekki að fría nema einn laufslag með trompsvíningu. Það er bara þegar suður á ♣Á1098 sem laufkóngur kostar **tvo** slagi - ekki ef sagnhafi á Á1093, Á1083 eða Á983. Sem sagt, **75% líkur á sleppa skaðlaust frá laufkóng.**

**EN** - því má ekki gleyma að makker verður að eiga a.m.k. ♦G10. Makker verður að geta spilað tígli í gegnum sagnhafa þegar hann er inni á trompás. Geri hann það ekki, rennur nefnilega upp þvingun á vestur í rauðu litunum.

**Segjum að sagnhafi eigi D10 í tígli.**

Þá er liturinn læstur og hann hefur nægan tíma til að trompa laufin, aftrompa austur og ná upp þessari endastöðu:

		NORÐUR	
		♠	-
		♥	D
		♦	Á9
		♣	-
VESTUR		AUSTUR	
♠	-	♠	-
♥	Á	♥	8
♦	K3	♦	G10
♣	-	♣	-
		SUÐUR	
		♠	3
		♥	-
		♦	D5
		♣	-

OK - þetta er nokkur málsvörn fyrir mig að skipta yfir í tígulkóng, en svo sem engin afsökun, því allra besta vörnin er að spila hvorki meira né minna en ...

... **LITLU LAUFI** í öðrum slag. Þá má spilið allt líta þannig út:

		NORÐUR	
		♠	G9862
		♥	D943
		♦	Á98
		♣	G
VESTUR		AUSTUR	
♠	-	♠	Á4
♥	ÁK105	♥	8762
♦	K3	♦	G107642
♣	KD76542	♣	3
		SUÐUR	
		♠	KD10753
		♥	G
		♦	D5
		♣	Á1098

Hvernig gat þetta farið framhjá mér.